

AUGLÝSING

um bókun um breytingu á samningi um opinber innkaup.

Hinn 27. febrúar 2014 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar afhent staðfestingarskjal Íslands vegna bókunar, sem gerð var í Genf 30. mars 2012, um breytingu á samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber innkaup, sem gerður var í Marakess 15. apríl 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/2001, þar sem samningurinn er birtur.

Í 3. tölulið bókunarinnar er fjallað um lagaskil milli bókunarinnar og eldri samningsins frá 15. apríl 1994.

Bókunin öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 29. mars 2014 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánrikisráðuneytinu, 7. október 2021.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

BÓKUN
um breytingu á samningnum um opinber innkaup.

Aðilar að *samningnum um opinber innkaup*, sem var gerður í Marrakesh hinn 15. apríl 1994 (hér á eftir nefndur „samningurinn frá 1994“),

sem hafa haldið frekari samningaviðræður í samræmi við b- og c-lið 7. mgr. XXIV. gr.,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. Inngangsorðin, I. til XXIV. gr., og viðbæturnir við samninginn frá 1994 skulu falla niður og í stað þeirra koma ákvæði þau sem sett eru fram í viðaukanum við bókun þessa.
2. Bókun þessi er opin til staðfestingar af hálfu þeirra sem eiga aðild að samningnum frá 1994.
3. Bókun þessi öðlast gildi, gagnvart þeim sem eiga aðild að samningnum frá 1994 og hafa afhent til vörslu skjöl sín, sem lúta að hverjum og einum, um staðfestingu bókunar þessarar, á 30. degi eftir að fyrrnefnd afhending af hálfu tveggja þriðju þeirra sem eiga aðild að samningnum frá 1994 hefur farið fram. Eftir það öðlast bókun þessi gildi gagnvart sérhverjum þeim sem á aðild að samningnum frá 1994 og afhent hefur til vörslu skjal sitt um staðfestingu bókunar þessarar, á 30. degi eftir að fyrrnefnd afhending hefur farið fram.
4. Bókun þessi skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til vörslu sem lætur án tafar sérhverjum þeim sem á aðild að samningnum frá 1994 í té staðfest, rétt endurrit bókunar þessarar, ásamt tilkynningu um sérhverja staðfestingu hennar.
5. Bókun þessa skal skrá samkvæmt ákvæðum 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Gjört í Genf 30. mars 2012 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir, nema annað sé tekið fram viðvíkjandi viðbæturnum við bókun þessa.

VIÐAUKI
við bókunina um breytingu á samningnum um opinber innkaup.

Inngangsorð.

Aðilar að samningi þessum (hér eftir nefndir „samningsaðilar“),

sem viðurkenna að þörf er umgerðar um opinber innkaup, sem er í senn markviss og marghliða, til þess að auka enn frekar frelsi og útbreiðslu, og að betrubæta umgerð, með tilliti til þess hvernig alþjóðaviðskiptum er hagað,

sem viðurkenna að eigi ber að undirbúa, samþykkja eða beita ráðstöfunum vegna opinberra innkaupa þannig að veiti innlendum birgjum, vörum eða þjónustu vernd eða að mismununar gæti gagnvart erlendum birgjum, vörum eða þjónustu.

sem viðurkenna að heilindi og fyrirsjáanleiki fyrirkomulags opinberra innkaupa eru nauðsynleg, eigi opinbert fjármagn, efnahagur samningsaðilanna og rekstur hins marghliða viðskiptakerfis að virka á skilvirkan og virkan hátt.

sem viðurkenna að þær skuldbindingar sem lúta að málsmeðferð samkvæmt samningi þessum ættu að vera nægjanlega sveigjanlegar til þess að mæta sérstökum aðstæðum sérhvers samningsaðila,

sem viðurkenna þörfina á því að taka mið af þróunar-, efnahags- og viðskiptaþörfum þróunarlöndu, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin í þróun,

sem viðurkenna mikilvægi þess að málsmeðferð við opinber innkaup sé gagnsæ, að gagnsæi og óhlutdrægni sé gætt þegar innkaup fara fram og að forðast hagsmunaárekstra og verklag spillingar, í samræmi við gildandi alþjóðlega gerninga, t.d. samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu,

sem viðurkenna mikilvægi þess að beita rafrænum aðferðum við innkaup sem falla undir samning þennan og að hvatt sé til þess,

sem vilja hvetja til þess að meðlimir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem eiga ekki aðild að samningi þessum, staðfesti hann og gerist aðilar að honum,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

I. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Verslunarvörur eða fól þjónusta* merkir vörur eða þjónustu af þeirri gerð sem er almennt seld eða er á boðstólum á almennum markaði til eða fyrir kaupendur, sem eru ekki opinberir aðilar, í óopinberum tilgangi, þ.e. vörur eða þjónusta sem slíkir kaupendur kaupa í flestum tilvikum.
- b) *Nefndin* merkir nefndina um opinber innkaup sem var komið á fót skv. 1. mgr. XXI. gr.
- c) *Byggingarþjónusta* merkir þjónustu sem hefur að markmiði mannvirkjagerð, með hvaða aðferðum sem er, og er byggð á 51. deild CPC bráðabirgðavöruflokkunarkerfis Sameinuðu þjóðanna.
- d) *Land* tekur til allra sérstakra tollsvæða sem eiga aðild að samningi þessum. Að því er varðar sérstakt tollsvæði, sem á aðild að samningi þessum, ber að líta svo á að orðið „innlendir“, þegar það er notað í samningi þessum, eigi við um það tollsvæði, nema annað sé tilgreint.
- e) *Dagar* merkir almanaksdaga.
- f) *Rafrænt uppboð* merkir ítrunarferli sem felur það í sér að birgjar nota rafrænar aðferðir til að kynna annaðhvort nýtt verð eða ný gildi, eða hvort tveggja, fyrir magnmælanleg atriði í tilboðinu, ótengd verðlagningu, sem tengjast matsviðmiðunum, sem leiðir til flokkunar eða endurflokkunar tilboða.
- g) *Skriflegur* eða *skrifaður* merkir hvers konar tjáning með orðum eða tölum sem hægt er að lesa, endurgera og miðla síðar. Slík framsetning getur tekið til upplýsinga sem eru sendar og varðveittar með rafrænum hætti.

- h) *Lokað útboð* merkir innkaupaaðferð þar sem innkaupastofnunin hefur samband við birgi eða birgja að eigin vali,
- i) *Ráðstöfun* merkir hvers konar lög, reglugerð, málsmeðferð, stjórnsýsluleiðbeiningar eða -venjur eða hvers konar aðgerð innkaupastofnunar vegna innkaupa sem falla undir samning þennan.
- j) *Fjölnotalisti* merkir lista yfir birgja sem innkaupastofnun hefur ákvarðað að uppfylli skilyrðin fyrir því að vera á þeim lista og innkaupastofnunin hyggst nota oftast en einu sinni,
- k) *Auglýsing um fyrirhuguð innkaup* merkir auglýsingu, sem innkaupastofnun birtir, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að leggja fram þáttökubeiðni, tilboð eða hvort tveggja.
- l) *Uppbót* merkir skilyrði eða skuldbindingu sem stuðlar að byggðapróun eða bætir viðskiptajöfnuð samningsaðila, t.d. með því að gera kröfu um innlend aðföng, einkaleyfi á tækni, fjárfestingar, gagnkvæm kaup og álíka aðgerð eða kröfu.
- m) *Almenn útboð* merkir innkaupaaðferð þar sem öllum áhugasömum birgjum er heimilt að leggja fram tilboð.
- n) *Aðili* merkir einstakling eða lögaðila.
- o) *Innkaupastofnun* merkir stofnun sem fellur undir 1., 2. eða 3. viðauka samningsaðila við I. viðbæti.
- p) *Hæfur birgir* merkir birgi sem innkaupastofnun viðurkennir að hafi fullnægt skilyrðum um þátttöku.
- q) *Útboð með forvali* merkir innkaupaaðferð þar sem viðkomandi innkaupastofnun býður einungis hæfum birgjum að leggja fram tilboð.
- r) *Þjónusta* felur í sér byggingarþjónustu, nema annað sé tekið fram.
- s) *Staðall* merkir skjal, sem viðurkenndur aðili hefur samþykkt, þar sem kveðið er á um almenna og endurtekna notkun, reglur, leiðbeiningar eða eiginleika vara eða þjónustu eða vinnsluferli og framleiðsluaðferðir sem tengjast þeim og ekki er skylt að fylgja. Slíkir staðlar geta jafnframt, eða alfarið, fjallað um íðorð, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða sem skylt er að nota í tengslum við vöru, þjónustu, vinnsluferli eða framleiðsluaðferð.
- t) *Birgir* merkir aðila eða hóp aðila sem lætur eða getur látið innkaupastofnun í té vörur eða þjónustu og
- u) *Tækniforskrift* merkir útboðskröfu þar sem:
 - i. lýst er eiginleikum vöru eða þjónustu sem til stendur að kaupa, s.s. gæðum, nothæfi, öryggi og stærðum, eða ferli og aðferðum við framleiðslu þeirra eða útvegum eða
 - ii. fjallað er um kröfur um hugtakanotkun, tákn, pökkun, merkingar eða merkimiða, eftir því sem við á um tiltekna vöru eða þjónustu.

II. gr.

Umfang og gildissvið.

Viðeiganleiki samningsins.

1. Samningur þessi gildir um allar ráðstafanir vegna innkaupa, sem falla undir samning þennan, hvort sem þau fara alfarið eða að hluta fram með rafrænum hætti eða ekki.
2. Í samningi þessum merkir innkaup, sem falla undir samning þennan, innkaup á vegum hins opinbera:
 - a) á vörum, þjónustu eða hvaða samsetningu þeirra sem er:
 - i. eins og tilgreint er í viðaukum sérhvers samningsaðila við I. viðbæti og
 - ii. sem eru ekki keyptar inn til sölu eða endursölu í viðskiptalegum skilningi eða til nota við framleiðslu eða afhendingu vara eða þjónustu vegna sölu eða endursölu í viðskiptalegum skilningi,
 - b) hvert sem samningsformið er, þ.m.t. kaup, langtíma- eða skammtímaleiga og kaupleiga, með eða án kaupréttar,
 - c) sem að verðgildi, eins og það er metið skv. 6. til 8. mgr., jafngildir eða fer yfir viðeigandi viðmiðunarfrjárhæð, sem er tilgreind í viðaukum samningsaðila við I. viðbæti, þegar auglýsing er birt skv. VII. gr.,
 - d) sem innkaupastofnun annast og
 - e) sem eru ekki útilokuð frá gildissviði í 3. mgr. eða viðaukum samningsaðila við I. viðbæti.

3. Samningur þessi gildir ekki um eftirfarandi, nema kveðið sé á um annað í viðaukum samningsaðila við I. viðbæti:
- kaup eða leigu á landi, byggingum sem eru til fyrir eða öðrum fasteignum eða rétt yfir þeim,
 - samkomulag utan samninga eða neins konar aðstoð sem samningsaðili veitir, þ.m.t. samstarfs-samningar, styrkir, lán, eiginfjárukning, ábyrgðir og skattaávilnanir,
 - kaup eða yfirtöku þjónustu frá fjármála- eða innlánastofnunum, þjónustu á sviði uppgjörs og reksturs eftirlitsskyldra fjármálastofnana, eða þjónustu sem tengist sölu, innlaun og dreifingu skulda hins opinbera, þ.m.t. lán og ríkisskuldabréf, skuldaviðurkenningar og önnur verðbréf,
 - ráðningarsamninga hins opinbera,
 - innkaup sem eru gerð:
 - í þeim sérstaka tilgangi að veita alþjóðlega aðstoð, þ.m.t. þróunaraðstoð,
 - samkvæmt sérstöku verklagi eða skilyrði milliríkjasamnings um staðsetningu herflokka eða um sameiginlega framkvæmd verkefnis sem undirritunarríkin annast eða
 - samkvæmt sérstöku verklagi eða skilyrði alþjóðastofnunar eða eru fjármögnuð með alþjóðlegum styrkjum, lánum eða annars konar aðstoð, þar sem gildandi verklag eða skilyrði myndi ekki samrýmast samning þessum.
4. Sérhver samningsaðili skal veita eftirfarandi upplýsingar í viðaukum sínum við I. viðbæti:
- í 1. viðauka, þær stofnanir ríkisstjórnar sem gera innkaup sem falla undir samning þennan,
 - í 2. viðauka, þær undirstofnanir ríkisstjórnar sem annast innkaup sem falla undir samning þennan,
 - í 3. viðauka, allar aðrar stofnanir sem annast innkaup sem falla undir samning þenna,
 - í 4. viðauka, þær vörur sem samningur þessi tekur til,
 - í 5. viðauka, þjónustuaðila, aðra en byggingarþjónustur sem samningur þessi tekur til,
 - í 6. viðauka, þær byggingarþjónustur sem samningur þessi tekur til og
 - í 7. viðauka, allar almennar athugasemdir.
5. Geri innkaupastofnun kröfu, í tengslum við innkaup sem falla undir samning þennan, um að aðilar, sem er ekki getið í viðaukum samningsaðila við I. viðbæti, annist innkaup í samræmi við sérstakar kröfur, gilda ákvæði IV. gr. að breyttu breytanda um slíkar kröfur.

Mat.

6. Innkaupastofnun skal, við mat á verðgildi innkaupa í þeim tilgangi að fá fullvissu fyrir því að þau heyri undir samning þennan:
- hvorki skipta innkaupum í aðskilin innkaup né velja eða nota sérstaka aðferð til að meta verðgildi innkaupanna í þeim tilgangi að komast hjá því að beita ákvæðum þessa kafla og
 - telja með áætlað hámarksverðgildi innkaupanna í heild allan þann tíma sem þau standa yfir, hvort sem þau eru gerð við einn birgi eða fleiri, að teknu tilliti til endurgjalds í hvaða mynd sem er, þ.m.t.:
 - bónusgreiðslur, þóknanir, umboðslaun og vextir og
 - sé gert ráð fyrir hugsanlegu valfrelsi í innkaupum, heildarverðgildi valfrjálsra innkaupa.
7. Leiði einstök innkaupaþörf til þess að gerðir eru fleiri en einn samningur, eða sé um að ræða gerð samninga í aðskildum hlutum (hér á eftir nefndir „endurnýjaðir samningar“), skulu útreikningar áætlaðs hámarksverðgildis innkaupanna í heild byggðir á:
- verðgildi endurnýjaðra samninga um vörur eða þjónustu sömu gerðar sem voru gerðir 12 mánuðina á undan eða á næstliðnu fjárhagsári innkaupastofnunarinnar, með viðeigandi breytingum, þar sem því verður við komið, vegna fyrirséðra breytinga á magni eða verðgildi þeirrar vöru eða þjónustu sem var keypt inn næstu 12 mánuðina á eftir eða
 - áætluðu verðgildi endurnýjaðra samninga um vörur eða þjónustu sömu gerðar sem til stendur að gera á 12 mánaða tímabili eftir hina upphaflegu samningsgerð eða á fjárhagsári innkaupastofnunarinnar.
8. Þegar um ræðir innkaup með langtíma- eða skammtímaleigu eða kaupleigu á vöru eða þjónustu eða innkaup þar sem heildarverð er ekki tilgreint, skal grundvöllur matsins vera:
- ef um ræðir samning til ákveðins tíma:

- i. sé samningstíminn 12 mánuðir eða skemmri, áætlað heildarverðgildi innkaupanna að hámarki á samningstímanum eða
- ii. sé samningstíminn lengri en 12 mánuðir, áætlað heildarverðgildi innkaupanna að hámarki, að meðtöldu áætluðu verðgildi á umframtíma,
- b) sé samningurinn til óákveðins tíma, mánaðargreiðsla margfölduð með 48 og
- c) sé óvíst hvort samningurinn eigi að vera til ákveðins tíma skal beita ákvæði b-liðar.

III. gr.

Öryggi og almennar undantekningar.

1. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að komi í veg fyrir að samningsaðili grípi til aðgerða eða birti ekki upplýsingar sem hann telur nauðsynlegt til að vernda grundvallaröryggishagsmuni sína sem tengjast innkaupum á vopnum, skotfærum eða stríðsbúnaði eða innkaupum sem eru óhjákvæmileg vegna þjóðaröryggis eða landvarna.
2. Með fyrirvara um þá kröfu að slíkum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að það hefði í för með sér geðþóttabundna óréttlætanlega mismunun samningsaðila, þar sem aðstæður eru þær sömu, eða duldar takmarkanir í alþjóðaviðskiptum, skal ekkert í samningi þessum túlka þannig að komi í veg fyrir að samningsaðilar innleiði eða beiti ráðstöfunum:
 - a) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda almennt siðgæði, allsherjarreglu eða almennt öryggi,
 - b) sem eru nauðsynlegar til að vernda líf eða heilsu manna, dýra eða plantna,
 - c) sem eru nauðsynlegar til þess að vernda hugverkarétt eða
 - d) sem tengjast vöru eða þjónustu fatlaðra einstaklinga, góðgerðarstofnana eða vöru eða þjónustu sem er afrakstur vinnu í fangelsum.

IV. gr.

Almennar meginreglur.

Bann við mismunun.

1. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem falla undir samning þennan, skal sérhver samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, veita tafarlaust og skilyrðislaust eigi óhagstæðari meðferð þegar um ræðir vörur og þjónustu annars samningsaðila og birgja annars samningsaðila, sem bjóða vörur eða þjónustu frá hvaða samningsaðila sem er, en hann, ásamt innkaupastofnunum sínum, veitir þegar um ræðir:
 - a) innlendar vörur, þjónustu og birgja og
 - b) vörur og þjónustu og birgja hvaða annars samningsaðila sem er.
2. Að því er varðar hvers konar ráðstafanir varðandi innkaup, sem falla undir samning þennan, skal samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum:
 - a) eigi veita birgjum með staðfestu í landi sínu óhagstæðari meðferð en öðrum birgjum með staðfestu í landinu á grundvelli umfangs erlendra eignartengsla eða eignarhalds eða
 - b) mismuna birgjum með staðfestu í landi sínu á grundvelli þess að vörur eða þjónusta, sem viðkomandi birgir býður fram vegna tiltekinnar innkaupa, séu vörur eða þjónusta frá öðrum samningsaðila.

Rafrænar aðferðir.

3. Innkaupastofnun skal, þegar hún gerir rafræn innkaup sem falla undir samning þennan:
 - a) tryggja að við innkaupin séu notuð kerfi upplýsingatækni og hugbúnaður, þ.m.t. kerfi og hugbúnaður í ætt við sannvottun og dulkóðun, sem eru á almennum markaði og rekstrar-samhæfð öðrum kerfum upplýsingatækni og hugbúnaði á almennum markaði og
 - b) viðhalda búnaði sem heldur þátttökubeiðnum og tilboðum heilum og óskertum og tilgreinir m.a. hvenær þeim er veitt viðtaka og útilokar óviðkomandi aðgang.

Framkvæmd innkaupa.

4. Innkaupastofnun skal gera innkaup, sem falla undir samning þennan, á gagnsæjan og óhlutdrægan hátt:
 - a) sem samræmist ákvæðum samnings þessa, þar sem aðferðum eins og almennu útboði, útboði með forvali og lokuðu útboði er beitt,

- b) þar sem sneitt er hjá hagsmunaárekstrum og
- c) þar sem komið er í veg fyrir spillta starfshætti.

Upprunareglur

5. Að því er varðar innkaup, sem falla undir samning þennan, skal samningsaðili ekki beita upprunareglum gagnvart vörum eða þjónustu, sem flutt er inn eða afhent frá öðrum samningsaðila, þ.e. upprunareglum sem eru frábrugðnar þeim sem fyrrnefndi samningsaðilinn beitir á sama tíma í venjulegum viðskiptum, þegar sams konar vörur eða þjónusta er innflutt eða afhent frá sama samningsaðila.

Uppbætur

6. Að því er innkaup varðar, sem falla undir samning þennan, skal samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, ekki leita eftir, taka til greina, innleiða eða fylgja fram uppbótum af neinu tagi.

Ráðstafanir sem gilda ekki sérstaklega um innkaup.

7. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um: tollgjöld og álögur af neinu tagi sem lagðar eru á, eða í tengslum við, innflutning, aðferðir við álagningu slíkra tollgjalda og álagna, aðrar reglur um innflutning eða formsatriði og um ráðstafanir sem hafa áhrif á viðskipti með þjónustu, aðrar en ráðstafanir sem varða innkaup sem falla undir samning þennan.

V. gr.

Þróunarlönd.

1. Samningsaðilarnir skulu, þegar samningaviðræður um aðild að samningi þessum fara fram og við framkvæmd og umsýslu vegna hans, taka til sérstakrar athugunar þróunar-, fjárhags- og viðskiptaþarfir og aðstæður þróunarlanda og landa sem skemmst eru á veg komin í þróun (hér á eftir nefnd sameiginlega „þróunarlönd“), jafnframt því að þeir viðurkenna að þessir þættir kunna að vera breytilegir frá einu landi til annars. Samningsaðilarnir skulu veita eftirtöldum löndum sérstaka og mismunandi meðferð, eins og kveðið er á um í þessari grein og að fram kominni beiðni þar um:
 - a) löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og
 - b) sérhverju öðru þróunarlandi þar sem og að því marki sem fyrrnefnd sérstök og mismunandi meðferð uppfyllir þarfir þess.
2. Sérhver samningsaðili skal án tafar, við aðild þróunarlands að samningi þessum, veita vörum, þjónustu og birgjum þess hagstæðustu skilmála sem samningsaðilinn veitir öðrum aðila að samningi þessum samkvæmt viðaukum sínum við I. viðbæti, samanber þó þá skilmála sem samningsaðilinn og þróunarlandið semja um sín á milli í því skyni að viðhalda viðeigandi jafnvægi hvað tækifæri varðar samkvæmt samningi þessum.
3. Þróunarlandi er heimilt, á grundvelli þróunarþarfa sinna og með samþykki samningsaðilanna, að innleiða eða viðhalda einni eða fleiri eftirfarandi umbreytingarráðstafana á umbreytingartímabili og samkvæmt tímaáætlun sem er sett fram í viðeigandi viðaukum þess við I. viðbæti og beitt er þannig að mismuni ekki öðrum samningsaðilum:
 - a) áætlun um forgjöf, að því tilskildu að áætlunin:
 - i. geri einungis ráð fyrir forgjöf vegna þess hluta útboðsins sem felur í sér vörur eða þjónustu, sem er upprunnin í því þróunarlandi sem beitir forgjöfinni, eða vörur eða þjónustu, sem er upprunnin í öðrum þróunarlöndum, þ.e. vörur eða þjónustu sem þróunarlandið, sem beitir forgjöfinni, ber skylda til að veita innlenda meðferð samkvæmt fríðindasamningi, að því tilskildu, sé hitt þróunarlandið aðili að samningi þessum, að slík meðferð yrði bundin þeim skilyrðum sem nefndin setti og
 - ii. sé gagnsæ og að forgjöfinni og hvernig henni er beitt í innkaupunum sé lýst greinilega í auglýsingunni um fyrirhuguð innkaup,
 - b) uppbót, að því tilskildu að í auglýsingunni um fyrirhuguð innkaup séu allar þarfir fyrir, eða öll sjónarmið viðvíkjandi, upptöku þeirrar uppbótar er um ræðir tilgreindar með skýrum hætti,
 - c) áfangaskipt viðbót tiltekinna stofnana eða geira og
 - d) viðmiðunarmörk sem eru hærri en viðvarandi viðmiðunarmörk.

4. Samningsaðilarnir geta, þegar samningaviðræður um aðild að samningi þessum fara fram, fallist á að seinka viðeiganleika tiltekinnar skuldbindingar samkvæmt samningi þessum, annarrar en skv. b-lið 1. mgr. IV. gr., meðan þess er beðið að fyrrnefnt land ljúki við að innleiða skuldbindinguna. Frestur til að innleiða tiltekna skuldbindingu er:
 - a) fyrir land sem skemmst er á veg komið í þróun, fimm ár eftir aðild þess að samningi þessum og
 - b) fyrir öll önnur þróunarlönd, aðeins sá tími sem það tekur að innleiða hina tilteknu skuldbindingu og ekki lengur en þrjú ár.
5. Sérhvert þróunarland, sem hefur samið um frest til að innleiða skuldbindingu skv. 4. mgr., skal tilgreina, í 7. viðauka sínum við I. viðbæti, samþykktan innleiðingarfrest, þá tilteknu skuldbindingu sem innleiðingarfresturinn tekur til og hverja þá skuldbindingu til bráðabirgða sem það hefur samþykkt að uppfylla meðan innleiðingarfresturinn varir.
6. Nefndin getur, eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart þróunarlandi og að beiðni þess:
 - a) framlengt umbreytingartímabilið vegna ráðstöfunar, sem er innleidd eða við haldið skv. 3. mgr., eða frest til að innleiða skuldbindingu, sem samið er um skv. 4. mgr., eða
 - b) samþykkt að innleiða nýja umbreytingarráðstöfun skv. 3. mgr. við sérstakar aðstæður sem voru ófyrirsjáanlegar meðan á aðildarferlinu stóð.
7. Þróunarland, sem hefur samið um umbreytingarráðstöfun skv. 3. eða 6. mgr., frest til að innleiða skuldbindingu skv. 4. mgr. eða framlengingu skv. 6. mgr., skal gera ráðstafanir í áföngum á umbreytingartímabilinu, eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að fyrrnefnd ráðstöfun samræmist samningi þessum við lok slíks tímabils. Viðkomandi þróunarland skal tilkynna nefndinni án tafar um sérhvern áfanga.
8. Samningsaðilarnir skulu taka tilhlýðilegt tillit til sérhverrar beiðni þróunarlands um samvinnu á sviði tækni og eflingar hæfni í tengslum við aðild þess að samningi þessum eða framkvæmd þess á ákvæðum hans.
9. Nefndin getur þróað verklag ákvæðum þessarar greinar til framkvæmdar. Í fyrrnefndu verklagi kunna að felast ákvæði um atkvæðagreiðslu um ákvarðanir sem varða beiðni skv. 6. mgr.
10. Nefndin skal endurskoða beitingu og skilvirkni ákvæða þessarar greinar á fimm ára fresti.

VI. gr.

Upplýsingar um fyrirkomulag innkaupa.

1. Sérhver samningsaðili skal:
 - a) birta án tafar öll lög, reglugerðir, dómsniðurstöður, stjórnsluákvæðanir sem hafa almennt gildi, stöðluð samningsákvæði sett með lögum eða reglugerðum og innfelld með tilvísunum í auglýsingum eða útboðsgögnum og verklag viðvíkjandi innkaupum sem falla undir samning þennan, ásamt öllum lagfæringum þar á, í rafrænum eða prentuðum miðli sem hið opinbera tiltekur, hefur mikla útbreiðslu og er almenningi aðgengilegur á auðveldan hátt og
 - b) gefa sérhverjum samningsaðila skýringar á fyrrnefndum atriðum, að framkominni beiðni þar um.
2. Sérhver samningsaðili skal telja upp:
 - a) í II. viðbæti, þá rafrænu miðla eða prentmiðla þar sem hann birtir þær upplýsingar sem er lýst í 1. mgr.,
 - b) í III. viðbæti, þá rafrænu miðla eða prentmiðla þar sem hann birtir þær auglýsingar sem krafa er gerð um skv. VII. gr., 7. mgr. IX. gr. og 2. mgr. XVI. gr. og
 - c) í IV. viðbæti, það veffang eða vefföng þar sem hann birtir:
 - i. tölulegar upplýsingar um innkaup sín skv. 5. mgr. XVI. gr. eða
 - ii. tilkynningar sínar um gerða samninga skv. 6. mgr. XVI. gr.
3. Sérhver samningsaðili skal tilkynna nefndinni án tafar um allar lagfæringar á upplýsingum viðkomandi samningsaðila sem eru taldar upp í II., III. eða IV. viðbæti.

VII. gr.
Auglýsingar.

Auglýsing um fyrirhuguð innkaup.

1. Innkaupastofnun skal birta, vegna sérhverra innkaupa sem falla undir samning þennan, auglýsingu um fyrirhuguð innkaup í viðeigandi prentmiðli eða rafrænum miðli, sem talinn er upp í III. viðbæti, nema við þær aðstæður sem er lýst í XIII. gr. Fyrirnefndur miðill skal hafa mikla útbreiðslu og skulu fyrirnefndar auglýsingar vera almenningi aðgengilegar á auðveldan hátt, a.m.k. út þann frest sem tilgreindur er í viðkomandi auglýsingu. Auglýsingarnar skulu:

- a) að því er varðar innkaupastofnanir sem 1. viðauki tekur til, vera aðgengilegar með rafrænum hætti og endurgjaldslaust eftir einni aðgönguleið í a.m.k. lágmarkstíma sem er tilgreindur í III. viðbæti og
- b) að því er varðar innkaupastofnanir sem 2. og 3. viðauki tekur til, séu þær aðgengilegar með rafrænum hætti, látnar í té a.m.k. gegnum tengingar í rafrænni gátt sem er aðgengileg endurgjaldslaust.

Samningsaðilar, þ.m.t. innkaupastofnanir þeirra sem 2. eða 3. viðauki tekur til, eru hvattir til að birta auglýsingar sínar með rafrænum hætti endurgjaldslaust og eftir einni aðgönguleið.

2. Í sérhverri auglýsingu um fyrirhuguð innkaup komi eftirfarandi fram, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum:

- a) nafn og heimilisfang viðkomandi innkaupastofnunar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að geta haft samband við hana og nálgast öll viðeigandi skjöl sem varða innkaupin, upplýsingar um hvað þau kosta og greiðsluskilmála, ef við á,
- b) lýsing innkaupanna, m.a. eðli og magn þeirra vara og þjónustu sem kaupa á eða, sé magnið óþekkt, áætlað magn,
- c) ef um ræðir endurnýjaða samninga, áætluð tímasetning síðari auglýsinga um fyrirhuguð innkaup, sé unnt að veita þær upplýsingar,
- d) lýsing valfrelsis ef um það er að ræða,
- e) tímamörk afhendingar vöru eða þjónustu eða lengd samningstímans,
- f) sú innkaupaaðferð sem verður notuð og hvort hún felur í sér samningaviðræður eða rafrænt uppboð,
- g) þar sem það á við, heimilisfang og lokafrestur til að leggja fram beiðnir um þátttöku í innkaupunum,
- h) heimilisfang og lokatilboðsfrestur,
- i) það eða þau tungumál sem heimilt er að leggja fram tilboð eða beiðnir um þátttöku á, sé heimilt að senda þau á öðru tungumáli en opinberu tungumáli samningsaðilans sem innkaupastofnunin tilheyrir,
- j) listi yfir og stutt lýsing á skilyrðum fyrir þátttöku birgja, þ.m.t. kröfur um tiltekin skjöl eða vottfestar yfirlýsingar, sem birgjar eiga að láta í té í þessu sambandi, nema fyrirnefndar kröfur komi fram í útboðsgögnum sem öllum áhugasömum birgjum eru gerð aðgengileg um leið og auglýsing um fyrirhuguð innkaup,
- k) hyggist innkaupastofnun velja, skv. IX. gr., takmarkaðan fjölda hæfra birgja sem bjóða á að leggja fram tilboð, þær viðmiðanir sem verða notaðar til að velja þá og, þar sem það á við, takmörkun á fjölda birgja sem verður heimilt að leggja fram tilboð og
- l) ábending þess efnis að ákvæði samnings þessa gildi um innkaupin.

Samantekt á mikilvægum þáttum hverrar auglýsingar.

3. Innkaupastofnun skal birta samantekt á mikilvægum þáttum hverrar auglýsingar á einu opinberu tungumáli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem er almenningi aðgengileg á auðveldan hátt, vegna sérhverra fyrirhugaðra innkaupa um leið og hún birtir auglýsingu um fyrirhuguð innkaup. Samantektin skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) inntak innkaupanna,
- b) lokatilboðsfrestur eða, þar sem það á við, lokafrestir til að leggja fram beiðnir um þátttöku í innkaupunum eða um að verða færður á fjölnotalista og
- c) það heimilisfang þar sem unnt er að nálgast skjöl sem varða innkaupin.

Auglýsing um innkaup á dagskrá.

4. Innkaupastofnanir eru hvattar til þess að birta, í viðeigandi prentmiðli eða rafrænum miðli á lista í III. viðbæti og eins snemma á hverju fjárhagsári og frekast er unnt, auglýsingu um framtíðar-innkaupaáform sín (hér á eftir nefnd „Auglýsing um innkaup á dagskrá“). Í auglýsingu um innkaup á dagskrá komi fram inntak innkaupanna og áætlaður birtingardagur auglýsingar um fyrirhuguð innkaup.
5. Innkaupastofnun, sem 2. eða 3. viðauki tekur til, er heimilt að nota auglýsingu um innkaup á dagskrá sem auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, að því tilskildu að auglýsingin um innkaup á dagskrá innihaldi eins mikið af þeim upplýsingum er um getur í 2. mgr. og stofnuninni eru aðgengilegar og yfirlýsingu þess efnis að áhugasamir birgjar ættu að láta áhuga sinn á innkaupunum í ljós við innkaupastofnunina.

VIII. gr.

Skilyrði fyrir þátttöku.

1. Innkaupastofnun skal takmarka skilyrði fyrir þátttöku í innkaupum við þau sem eru nauðsynleg til að tryggja að birgir hafi gerhæfi og fjárhagslegt bolmagn, ennfremur kunnáttu viðskipta- og tæknilegs eðlis, til þess að koma að þeim innkaupum sem um ræðir.
2. Þegar innkaupastofnun ákveður þáttökuskilyrði:
 - a) skal hún ekki setja það skilyrði fyrir þátttöku birgis í innkaupunum að innkaupastofnun tiltekins samningsaðila hafi áður gert við hann einn eða fleiri samninga og
 - b) er henni heimilt að gera kröfu um fyrri reynslu birgis, sé hún nauðsynleg til að hann sé í stakk búinn til að fullnægja kröfum vegna innkaupanna.
3. Innkaupastofnun skal, þegar hún gengur úr skugga um hvort birgir fullnægi skilyrðum um þátttöku:
 - a) meta fjárhagslegt bolmagn birgis og kunnáttu hans á sviði viðskipta og tækni á grundvelli atvinnustarfsemi viðkomandi birgis, innan sem utan yfirráðasvæðis samningsaðilans þar sem innkaupastofnunin er staðsett og
 - b) byggja mat sitt á þeim skilyrðum sem hún hefur tilgreint fyrirfram í auglýsingum eða útboðsgögnum.
4. Samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, getur, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, útilokað birgi af ástæðum á borð við:
 - a) gjaldþrot,
 - b) rangar yfirlýsingar,
 - c) verulega eða viðvarandi annmarka á framkvæmd efnislegra krafna eða skuldbindinga samkvæmt fyrri samningi eða samningum,
 - d) endanlega dóma vegna alvarlegra glæpa eða annarra alvarlegra brota,
 - e) alvarlegt misferli eða aðgerðir eða aðgerðaleyfi sem gefur neikvæða mynd af viðskiptasiðferði viðkomandi birgis eða
 - f) ógreidda skatta.

IX. gr.

*Hæfi birgja.**Skráningarkerfi og verklag við ákvörðun hæfis.*

1. Samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, getur haldið úti skráningarkerfi fyrir birgja, en þar skulu áhugasamir birgjar skrá sig og veita tilteknar upplýsingar.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að:
 - a) innkaupastofnanir hans kappkosti að lágmarka þann mismun sem kann að vera á verklagi þeirra við ákvörðun hæfis og
 - b) haldi innkaupastofnanir hans úti skráningarkerfi, kappkosti þær að lágmarka þann mismun sem kann að vera á skráningarkerfum þeirra.
3. Samningsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, skal ekki taka upp eða nota skráningarkerfi eða hæfismat í þeim tilgangi eða með þeim afleiðingum að hindri að óþörfu þátttöku birgja annarra samningsaðila í innkaupaferli samningsaðilans.

Útboð með forvali.

4. Þegar innkaupastofnun hyggst efna til útboðs með forvali skal hún:
 - a) fella inn í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup a.m.k. þær upplýsingar sem fram koma í a-, b-, f-, g-, j-, k- og i-lið 2. mgr. VII. viðauka og bjóða birgjum að leggja fram þáttökubeiðni og
 - b) í upphafi tilboðsfrests láta hæfum birgjum, sem hún sendir tilkynningu, sbr. b-lið 3. mgr. XI. gr., í té a.m.k. þær upplýsingar sem fram koma í c-, d-, e-, h- og i-lið 2. mgr. VII. gr.
5. Innkaupastofnun skal heimila öllum hæfum birgjum að taka þátt í tilteknum innkaupum, nema innkaupastofnunin tilgreini í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup takmarkanir á þeim fjölda birgja sem verður heimilað að leggja fram tilboð og forsendur fyrir vali takmarkaðs fjölda birgja.
6. Ef útboðsgögn eru ekki gerð aðgengileg almenningi frá og með þeim degi þegar auglýsingin, er um getur í 4. mgr., er birt skal innkaupastofnun sjá til þess að gögnin séu samtímis aðgengileg öllum hæfum birgjum sem eru valdir í samræmi við 5. mgr.

Fjölnotalistar.

7. Innkaupastofnun er heimilt að halda úti fjölnotalista yfir birgja, að því tilskildu að auglýsing, þar sem áhugasömum birgjum er boðið að sækja um að verða færðir á listann:
 - a) sé birt árlega og
 - b) sé aðgengileg að staðaldri, ef hún er birt með rafrænum hætti í viðeigandi miðlum sem taldir eru upp í III. viðbæti.
8. Í auglýsingunni, sem kveðið er á um í 7. mgr., komi eftirfarandi fram:
 - a) lýsing á þeim vörum eða þjónustu, eða vöru- eða þjónustuflokkum, sem heimilt er að hafa á listanum,
 - b) þau skilyrði fyrir þátttöku sem birgjar þurfa að uppfylla til þess að verða færðir á listann og þær aðferðir sem viðkomandi innkaupastofnun mun nota til að sannreyna að birgir uppfylli skilyrðin,
 - c) nafn og heimilisfang innkaupastofnunarinnar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um hvernig ná megi sambandi við stofnunina og nálgast öll viðeigandi skjöl sem varða listann,
 - d) gildistími listans og með hvaða hætti hann er endurnýjaður eða felldur úr gildi eða, ef gildistíminn er ekki gefinn upp, ábending um með hvaða hætti tilkynnt verður að notkun listans verði hætt og
 - e) ábending um að nota megi listann fyrir innkaup sem falla undir samning þennan.
9. Innkaupastofnun er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. og þegar fjölnotalisti gildir í þrjú ár eða skemur, að birta þá auglýsingu er um getur í 7. mgr. aðeins einu sinni, við upphaf gildistíma listans, að því tilskildu að auglýsingin:
 - a) innihaldi gildistímamann og að frekari auglýsingar verði ekki birtar og
 - b) sé birt með rafrænum hætti og sé aðgengileg að staðaldri meðan hún gildir.
10. Innkaupastofnun skal heimila birgjum að sækja hvenær sem er um að verða færðir á fjölnotalista og skal færa alla hæfa birgja á listann eins fljótt og aðstæður leyfa.
11. Leggi birgir, sem er ekki á fjölnotalista, fram beiðni um þátttöku í innkaupum, sem miðast við fjölnotalista, ásamt öllum nauðsynlegum skjölum innan þess frests sem kveðið er á um í 2. mgr. XI. gr., skal viðkomandi innkaupastofnun taka beiðnina til athugunar. Viðkomandi innkaupastofnun skal ekki útiloka að fjallað verði um birginn í tengslum við innkaupin vegna þess að hún hafi ónógan tíma til þess að athuga beiðnina, nema stofnuninni sé ókleift, í undantekningartilvikum og sakir þess hversu innkaupin eru flókin, að ljúka athugun beiðninnar innan þess frests sem gildir um framlagningu tilboða.

Innkaupastofnanir sem fjallað er um í 2. og 3. viðauka.

12. Innkaupastofnun, sem 2. eða 3. viðauki tekur til, er heimilt að nota auglýsingu, þar sem birgjum er boðið að sækja um að vera færðir á fjölnotalista, sem auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, að því tilskildu:
 - a) að auglýsingin sé birt skv. ákvæðum 7. mgr. og að í henni komi fram þær upplýsingar sem krafist er skv. ákvæðum 8. mgr., eins mikið af þeim upplýsingum sem krafist er skv. 2. mgr. VII. gr. og aðgengilegar eru og yfirlýsing þess efnis að auglýsingin sé í gildi auglýsingar um

- fyrirhuguð innkaup eða að einungis þeim birgjum sem eru á fjölnotalistanum muni berast frekari tilkynningar um innkaup sem fjölnotalistinn tekur til og
- b) að stofnunin veiti birgjum, sem hafa tjáð henni áhuga sinn á tilteknum innkaupum, án tafar nægilegar upplýsingar, sem gerir þeim kleift að meta stöðu sína gagnvart innkaupunum, þ.m.t. allar upplýsingar sem upp á vantar og gerð er krafa um skv. 2. mgr. VII. gr., að því leyti sem þær upplýsingar liggja fyrir.
13. Innkaupastofnun, sem 2. eða 3. viðauki tekur til, getur heimilað birgi, sem sótt hefur um að verða færður á fjölnotalista í samræmi við ákvæði 10. mgr., að leggja fram tilboð vegna tiltekinna innkaupa, hafi viðkomandi innkaupastofnun nægan tíma til þess að ganga úr skugga um að viðkomandi birgir uppfylli þáttökuskilyrði.

Upplýsingar um ákvarðanir innkaupastofnana.

14. Innkaupastofnun skal án tafar tilkynna birgjum, sem leggja fram beiðni um þátttöku í innkaupum eða sækja um að verða færðir á fjölnotalista, um ákvörðun sína viðvíkjandi beiðninni eða umsókninni.
15. Hafni innkaupastofnun beiðni birgis um þátttöku í innkaupum eða taki umsókn hans um að verða færður á fjölnotalista ekki til greina, falli frá því að viðurkenna hæfi birgis eða fjarlæggi birgi af fjölnotalista, skal stofnunin án tafar tilkynna viðkomandi birgi um það og, að fram kominni beiðni birgisins, láta honum tafarlaust í té skriflega skýringu á þeim ástæðum sem ákvörðun hennar er byggð á.

X. gr.

Tækniforskriftir og útboðsgögn.

Tækniforskriftir.

- Innkaupastofnun skal ekki semja, samþykkja eða beita neinum tækniforskriftum eða mæla fyrir um samræmismatsaðferðir sem hafa þann tilgang eða þau áhrif að hindra að óþörfu alþjóðaviðskipti.
- Þegar innkaupastofnun mælir fyrir um tækniforskriftir viðvíkjandi vörum eða þjónustu, sem er keypt inn, skal hún, eftir því sem við á:
 - setja videigandi tækniforskrift fram með tilliti til krafna um nothæfi og virkni fremur en hönnun eða lýsandi eiginleika og
 - byggja videigandi tækniforskrift á alþjóðlegum stöðlum, ef til eru, en að öðrum kosti á innlendum tæknireglum, viðurkenndum, innlendum stöðlum eða byggingarreglugerðum.
- Innkaupastofnun skal gefa til kynna, þegar hönnun eða lýsandi eiginleikar eru notaðir í tækniforskriftum og þar sem það á við, að hún muni fjalla um tilboð um sambærilegar vörur eða þjónustu, sem augljóslega uppfyllir kröfur innkaupanna, með því að nota orð eins og „eða sambærilegt“ í útboðsgögnum.
- Innkaupastofnun er óheimilt að mæla fyrir um tækniforskriftir þar sem gerð er krafa um eða vísað til tiltekins vörumerkis eða viðskiptaheitis, einkaleyfis, höfundarréttar, hönnunar eða tegundar, tiltekins uppruna, framleiðanda eða birgis, nema ógerlegt sé að lýsa útboðsskilmálum nógu nákvæmlega eða skiljanlega með öðrum hætti og að því tilskildu að í slíkum tilvikum séu orðin „eða sambærilegt“ látin fylgja með í útboðsgögnum.
- Innkaupastofnun skal ekki leita eftir eða samþykkja, með þeim hætti að það hafi þau áhrif að hindra samkeppni, ráðgjöf frá aðila, sem kann að hafa viðskiptalegan ávinning af innkaupunum, þ.e. ráðgjöf sem kann að verða notuð við að semja eða samþykkja tækniforskriftir vegna tiltekinna innkaupa.
- Til glöggvunar; sammingsaðili, ásamt innkaupastofnunum sínum, getur, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, samið, samþykkt eða beitt tækniforskriftum til að stuðla að varðveislu náttúruauðlinda eða vernda umhverfið.

Útboðsgögn.

- Innkaupastofnun skal afhenda birgjum útboðsgögn með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að gera þeim kleift að semja og leggja fram svartilboð. Hafi heildarlýsing ekki þegar

komið fram í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup skulu útboðsgögnin innihalda heildarlýsingu á eftirfarandi:

- a) innkaupunum, þ.m.t. hvers konar vörur eða þjónustu stendur til að kaupa inn og í hve miklu magni eða, sé magnið óþekkt, á áætlaðu magni og öllum kröfum sem uppfylla ber, þ.m.t. allar tækniforskriftir, vottorð um samræmismat, áætlanir, teikningar eða leiðbeiningar,
 - b) skilyrðum fyrir þátttöku birgja, þ.m.t. listi yfir upplýsingar og skjöl sem birgjar þurfa að leggja fram og varða þátttökuskilyrði,
 - c) öllum matsviðmiðum sem stofnunin mun styðjast við þegar samningsgerð er ákveðin og, nema eingöngu sé miðað við verð, á tiltölulegu mikilvægi þeirra viðmiða,
 - d) þegar innkaupastofnun hyggst gera innkaup með rafrænum hætti, á hvers konar kröfum um sannvottun og dulkóðun eða öðrum kröfum sem tengjast afhendingu upplýsinga með rafrænum hætti,
 - e) haldi viðkomandi innkaupastofnun rafrænt uppboð, þeim reglum sem gilda um uppboðið, þ.m.t. auðkenni þeirra þátta útboðsins sem tengjast matsviðmiðunum,
 - f) séu tilboð opnuð opinberlega, dagsetningu, tímasetningu og staðsetningu opunarinnar og, þar sem það á við, á þeim aðilum sem mega vera viðstaddir,
 - g) hvers konar öðrum skilmálum eða skilyrðum, þ.m.t. greiðsluskilmálar og hvers konar takmarkanir á því hvernig heimilt er að leggja fram tilboð, t.d. í pappírformi eða með rafrænum hætti og
 - h) á dagsetningum afhendingar vara eða þjónustu.
8. Þegar innkaupastofnun ákveður afhendingardaga vara eða þjónustu, sem keypt er inn, skal hún taka mið af atriðum á við hversu flókið útboðið er, umfang fyrirséðrar undirverktöku og eðlilegan tíma sem er nauðsynlegur til að framleiða vörur, ná þeim úr birgðageymslu og flytja þær frá afhendingarstað eða til að veita þjónustu.
9. Í þeim matsviðmiðum sem kynnt eru í auglýsingunni um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum getur m.a. komið fram verð og aðrir kostnaðarþættir, gæði, tæknilegir eiginleikar, umhverfislegir eiginleikar og afhendingarskilmálar.
10. Innkaupastofnun skal ám tafar:
- a) gera útboðsgögn aðgengileg til þess að tryggt sé að birgjar hafi nægan tíma til þess að leggja fram svartilboð,
 - b) sjá öllum áhugasömum birgjum fyrir útboðsgögnum, að fram kominni beiðni þar um, og
 - c) svara öllum sanngjörnum óskum áhugasamra birgja eða þátttakenda um viðeigandi upplýsingar, enda veiti slíkar upplýsingar viðkomandi birgi ekki forskot gagnvart samkeppnisaðilum hans í útboðsferlinu.

Lagfæringar.

11. Ef innkaupastofnun lagfærir, áður en samningur er gerður, viðmiðanir eða kröfur, sem settar eru fram í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup eða í útboðsgögnum, sem eru afhent birgjum sem taka þátt í útboðinu, eða breytir eða gefur út á ný auglýsingu eða útboðsgögn, skal hún senda, skriflega, allar slíkar lagfæringar eða breyttar eða endurútgæfnauglýsingar eða útboðsgögn:
- a) öllum birgjum, sem taka þátt í útboðinu þegar lagfæring, breyting eða endurútgáfa fer fram, ef stofnunin veit deili á viðkomandi birgjum, og í öllum öðrum tilvikum, með sama hætti og upprunalegu upplýsingarnar voru gerðar aðgengilegar og
 - b) í tæka tíð til að fyrrnefndir birgjar geti lagfært og lagt fram að nýju breytt tilboð, eftir því sem við á.

XI. gr.

Tímamörk.

Almennt.

1. Innkaupastofnun skal gefa birgjum nægan tíma til þess að undirbúa og leggja fram beiðnir um þátttöku og svartilboð, að teknu tilliti til þátta eins og:
- a) hversu flókin innkaupin eru,
 - b) umfangs fyrirséðrar undirverktöku og

- c) Þess tíma sem það tekur að senda tilboð eftir öðrum leiðum en rafrænum frá stöðum erlendis eða innanlands, þar sem rafrænar aðferðir eru ekki notaðar.
Allir áhugasamir birgjar eða þátttakendur skulu fá sama tíma, þ.e. tíma sem um getur hér að framan, einnig sömu framlengingu.

Frestir.

2. Innkaupastofnun, sem efnir til útboðs með forvali, skal ákveða að lokafrestur til að leggja fram þáttökubeiðnir skuli ekki, að meginreglu til, vera skemmri en 25 dagar frá birtingu auglýsingar um fyrirhuguð innkaup. Ef brýn nauðsyn, sem viðkomandi innkaupastofnun rökstyður á viðeigandi hátt, gerir að verkum að fyrrnefndur frestur er óraunhæfur, er heimilt að stytta frestinn, en þó aldrei meir en niður í 10 daga.
3. Innkaupastofnun skal ákveða, nema kveðið sé á um annað í 4., 5., 7. og 8. mgr., að lokatilboðsfrestur skuli ekki vera skemmri en 40 dagar frá þeim degi þegar:
 - a) er um ræðir almennt útboð, auglýsing um fyrirhuguð innkaup er birt eða
 - b) er um ræðir útboð með forvali, viðkomandi stofnun tilkynnir birgjum að þeim verði boðið að leggja fram tilboð, hvort sem hún styðst við fjölnotalista eða ekki.
4. Innkaupastofnun er heimilt að stytta tilboðsfrest, sem er ákveðinn skv. 3. mgr., en þó aldrei meir en niður í 10 daga þegar:
 - a) viðkomandi innkaupastofnun hefur birt auglýsingu um innkaup á dagskrá, sbr. lýsingu í 4. mgr. VII. gr., minnst 40 dögum og ekki meira en 12 mánuðum fyrir birtingu auglýsingarinnar um fyrirhuguð innkaup og auglýsingin um innkaup á dagskrá inniheldur:
 - i. lýsingu á innkaupunum,
 - ii. lokatilboðsfresti, hér um bil, eða lokafresti til að leggja fram þáttökubeiðnir,
 - iii. yfirlýsingu þess efnis að áhugasamir birgjar ættu að lýsa áhuga sínum á innkaupunum fyrir viðkomandi innkaupastofnun,
 - iv. það heimilisfang þar sem unnt er að nálgast gögn sem varða innkaupin og
 - v. allar þær upplýsingar sem krafist er að komi fram í auglýsingu um fyrirhuguð innkaup skv. 2. mgr. VII. gr., enda liggi þær fyrir,
 - b) innkaupastofnun, vegna endurnýjaðra samninga, gefur til kynna, í upphaflegri auglýsingu um fyrirhuguð innkaup, að í síðari auglýsingum verði tilgreindir tilboðsfrestir, byggðir á ákvæðum þessarar málsgreinar eða
 - c) brýn nauðsyn, sem viðkomandi innkaupastofnun rökstyður á viðeigandi hátt, gerir að verkum að tilboðsfresturinn, sem er ákveðinn skv. 3. mgr., er óraunhæfur.
5. Innkaupastofnun er heimilt að stytta tilboðsfrestinn, sem er ákveðinn skv. 3. mgr., um 5 daga í hverju eftirtalinna tilfella:
 - a) auglýsingin um fyrirhuguð innkaup er birt með rafrænum hætti.
 - b) öll útboðsgögn eru gerð aðgengileg með rafrænum hætti frá birtingardegi auglýsingarinnar um fyrirhuguð innkaup og
 - c) stofnunin tekur við tilboðum með rafrænum hætti.
